



Umbeðið

Málsnúmer: 03030182

Búið til: 11.09.2002 16:36:16

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

11.09.2002

Tími ferðar:

Fulltrúi HER:

Svava S.
Steinarsdóttir/BV/RVK/IS

Fulltrúi HER sem fór með:

Tílefni skýrslu:

Umbeðið

Fyrirtækjaflokkur:

92.72.01 Skotvellir

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Heiti leyfishafa:

Hvert eftirlitsferð var farin:

Álfsnes - skotæfingarsvæði

Kennitala leyfishafa:

Staður leyfishafa:

Staða reiknings:

Númer reiknings:

Reikningsfært

02110043

Athugasemdir

Athugasemdir:

Frankvæmd hljóðmæling til að athuga mögulega hávaðamengun frá fyrirhuguðu skotæfingarsvæði í Álfsnesi. Mælt var á 3 stöðum, við bílavigt við hliðið að urðunarstaðnum, við starfsmannabústað og við sumarbústað hinu megin við Kollafjörðinn (við Móaberg). Tekin var 3 mín viðmiðunarmæling, 5 mínútna mæling með haglabyssum og 1,5 mín mæling með rifflum á hverjum stað. Sjá skýrslu

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Verkfræðistofa
b.t. Magnúasar Haraldssonar
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2002
03030182/10.11

Efni: Hljóðmælingar vegna fyrirhugað skotæfingasvæðis í Álfsnesi.

Þann 11. september sl. fór heilbrigðisfulltrúi frá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og mældi hljóðstig frá skotæfingum á fyrirhuguðu skotæfingasvæði í Álfsnesi. Mælt var á þremur stöðum að ósk Verkfræðistofu. Mælingar fóru þannig fram að fyrst var tekin ein viðmiðunarmæling á hverjum stað til að athuga umhverfishávaða fyrir æfingar. Þá var tekin 5 mínútna mæling meðan skotið var af haglabyssum, þá 1,5 mínútna mæling þar sem skotið var af riffli.

Fyrsti mælistaðurinn var við nýja bílavog sem stendur rétt fyrir innan hliðið að urðunarstaðnum Álfsnesi. Ríkjandi umhverfishávaði á þeim stað kemur frá framkvæmdum inni á urðunarstaðnum sjálfum. Niðurstöður mælinga (sjá meðfylgjandi skýrslu) sýndu að skotæfingarnar, hvort sem um var að ræða með haglabyssu eða riffli, höfðu ekki mikil áhrif á jafngildishljóðstig við bílavogina, það var lægra heldur en við viðmiðunarmælingu bæði við mælingu 2 og 3. Hávaðinn frá skotæfingasvæðinu nær því lítið að leggja til í heildarhávaða sem ríkir á svæðinu. Jafngildishljóðstig er sá hávaði sem eyrað nemur að jafnaði yfir mælítímann. Sjá má nokkra hækkun í hæstu hljóðtoppum í mælingu 2 og 3, þegar skotæfingar voru í gangi. Ekki er hægt að útiloka að þeir hljóðtoppar séu tilkomnir vegna hávaða inni á svæðinu en verið var að grafa í sífellu og hlaða vörubíla með grjóti. Þó er sennilegt að skotin séu orsök hærra hljóðtoppa miðað við viðmiðunarmælingu.

Annar mælistaðurinn var við starfsmannabústað sem er í gamla bænum að Álfsnesi. Hávaði frá urðunarstaðnum er ennþá áberandi á þessum stað, en þó mun lægri en við bílavogina. Jafngildishljóðstig viðmiðunarmælingar við bílavog var 51 dB(A) á móti 35 dB(A) við starfsmannabústað. Líkt og við mælingar við bílavogina breyttist jafngildishljóðstig lítið þótt skotæfingar væru í gangi (mæling 5 og 6). En eins og áður varð vart við hækkun á hæstu hljóðtoppum. Verður að teljast líklegra á þessum stað að topparnir séu til komnir út af skotæfingunum.

Þriðji mælistaðurinn var við sumarþústað sem stendur við Kollafjörð andspænis fyrirhuguðu skotæfingasvæði. Þústaðurinn er ekki merktur með nafni en er í nágrenni Móabergs. Ríkjandi hávaði við þústaðinn var umferðahávaði frá Vesturlandsvegi sem liggur fyrir ofan hann, en einnig mátti greina hávaða frá urðunarstaðnum Álfsnesi. Umtalsverður munur mælist hér á jafngildishljóðstigi við viðmiðunarmælingu og þegar skotæfingar eru í gangi. Munurinn er á bilinu 13-15 dB(A). Þá er einnig mikill munur á hæstu hljóðtoppum, en í mælingu 8 og 9 fór hæsti hljóðtoppur upp í 101 og 98 dB(A). Er þetta mun hærra en í hinum mælingunum. Skothljóðin virtust magnast upp út af bergmáli yfir fjörðinn.

Að mati undirritaðrar eru mestar líkur á ónæði vegna skotæfinga við sumarþústaðinn á mælistað 3. Þar mælist mesta aukning jafngildishljóðstigs og hæstu hljóðtopparnir. Við bílavogina er umhverfishávaði það mikill að hávaðinn frá skotæfingasvæðinu kemur að öllum líkindum ekki til með leggja mikið til í heildar hávaðaálagi. Mögulegt er að

skotæfingar geti valdið einhverju ónæði við starfsmannabústað ef margir eru við æfingar. Það ætti þó að öllum líkindum að vera hægt að draga úr hugsanlegri hávaðamengun þar með skermum og skjólveggjum.

Virðingarfyllt
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Mæliskýrsla:

Hljóðmælingar við fyrirhugaðs skotæfingasvæðis í Álfsnesi 11. september 2002

Aðstæður og veður: Fyrirhugað skotæfingasvæði í Álfsnesi liggur hægra megin við urðunarstaðinn, niður að strönd Kollafjarðar. Mælt var á þremur stöðum, við bílavigt við innkeyrslu að urðunarstaðnum, við starfsmannabústað (Álfsnes) og við sumarbústað sem stendur hinumegin við Kollafjörðinn, nálægt Móabergi.

Veður var gott, léttskýjað, hiti 14 stig, vinhraði 4-5 m/s.

Mæliaðferð: Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Við mælingarnar var notaður hljóðmælir af gerðinni Bruel & Kjaer 2236. Um mælingar sá Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Mæling nr. 1. Viðmiðunarmæling. Mælt var við bílavog fyrir innan hlið urðunarstaðarins Álfsnesi. Mælir stóð á malbiki við enda vogarinnar, við hliðina á skúrbyggingu sem þar er. Mæling hófst kl. 14:21 og stóð í 3 mínútur. 1 hlé var gert á mælingu vegna umferðar þungra bíla frá urðunarstað. Ríkjandi hávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 20-100. dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 1

11 Sep 2002 14:21:21
Elapsed Time 0000:03:01
Pauses 1
Overload 0.0 %
MaxP 90.4 dB => Hæsti hljóðtoppur 90 dB(A)
MaxL 63.5 dB
MinL 44.2 dB
Leq 51.4 dB => Jafngildishljóðstig 51 dB(A)
SEL 74.0 dB
LEPd (Te= 7h30) 51.1 dB
L5 55.0 dB
L95 46.0 dB

Mæling nr. 2. Skotið úr haglabyssu á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:33 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 2

11 Sep 2002 14:33:47
Elapsed Time 0000:04:52
Pauses 0
Overload 0.0 %

MaxP 93.8 dB => Hæsti hljóðtoppur 94 dB(A)
MaxL 63.2 dB
MinL 41.7 dB
Leq 49.6 dB => Jafngildishljóðstig 50 dB(A)
SEL 74.3 dB
LEPd (Te= 7h30) 49.3 dB
L5 53.0 dB
L95 43.5 dB

Mæling nr. 3. Skotið úr riffli á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:41 og stóð í 1,5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 3

11 Sep 2002 14:41:10
Elapsed Time 0000:01:31
Pauses 0
Overload 0.0 %

MaxP 95.7 dB => Hæsti hljóðtoppur 96 dB(A)
MaxL 59.9 dB
MinL 41.0 dB
Leq 48.5 dB => Jafngildishljóðstig 49 dB(A)
SEL 68.0 dB
LEPd (Te= 7h30) 48.2 dB
L5 52.5 dB
L95 42.0 dB

Mæling nr. 4. Viðmiðunarmæling. Mælt var við starfsmannabústaðinn Álfsnesi. Mælir var staðsettur á möl, 2 m frá húsvegg við hliðina á stiga upp að útidyrum. Mæling hófst kl. 14:51 og stóð í 3 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 4

11 Sep 2002 14:51:45
Elapsed Time 0000:03:01
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 74.6 dB => Hæsti hljóðtoppur 75 dB(A)
MaxL 44.6 dB
MinL 26.8 dB
Leq 34.8 dB => Jafngildishljóðstig 35 dB(A)
SEL 57.4 dB
LEPd (Te= 7h30) 34.5 dB
L5 39.0 dB
L95 29.0 dB

Mæling nr. 5. Skotið úr haglabyssu á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:55 og stóð í 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 5

11 Sep 2002 14:55:23
Elapsed Time 0000:05:01
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 84.0 dB => Hæsti hljóðtoppur 84 dB(A)
MaxL 47.9 dB
MinL 27.7 dB
Leq 36.1 dB => Jafngildishljóðstig 36 dB(A)
SEL 60.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 35.8 dB
L5 40.0 dB
L95 30.5 dB

Mæling nr. 6. Skotið úr riffli á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:01 og stóð í 1, 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 6

11 Sep 2002 15:01:16
Elapsed Time 0000:01:38
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 83.8 dB => Hæsti hljóðtoppur 84 dB(A)
MaxL 49.2 dB
MinL 29.3 dB
Leq 36.1 dB => Jafngildishljóðstig 36 dB(A)
SEL 56.0 dB
LEPd (Te= 7h30) 35.8 dB
L5 39.5 dB
L95 30.5 dB

Mæling nr. 7. Viðmiðunarmæling. Mælt var við sumarbústað sem stendur nálægt Móabergi. Sumarbústaðurinn er hinu megin við Kollafjörðinn, fyrir neðan Vesturlandsveg. Mælir stóð á grasi 2,5 m frá vinstri húshlið bústaðsins. Mæling hófst kl. 15:30 og stóð í 3 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá litlum gosbrunn á lóð, umferð á Vesturlandsvegi en einnig mátti greina hávaða frá urðunarstaðnum Álfsnesi.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 7

11 Sep 2002 15:30:47
Elapsed Time 0000:03:02
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 85.0 dB => Hæsti hljóðtoppur 85 dB(A)
MaxL 45.8 dB
MinL 34.4 dB
Leq 37.2 dB => Jafngildishljóðstig 37 dB(A)
SEL 59.9 dB
LEPd (Te= 7h30) 36.9 dB
L5 39.0 dB
L95 35.5 dB

Mæling nr. 8. Skotið úr haglabyssu á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:34 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá gosbrunni, skotæfingu og umferð á Vesturlandsvegi. Útprint hljóðmælis

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C
RECORD NO.: 8

11 Sep 2002 15:34:24
Elapsed Time 0000:04:49
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 101.1 dB Hæsti hljóðtoppur 101 dB(A)
MaxL 78.2 dB
MinL 34.8 dB
Leq 52.2 dB => Jafngildishljóðstig 52 dB(A)
SEL 76.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 51.9 dB
L5 49.0 dB
L95 36.5 dB

Mæling nr. 9. Skotið úr riffli á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:41 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum Útskrift hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:

F 20-100 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 9

11 Sep 2002 15:40:09
Elapsed Time 0000:01:35
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 97.5 dB = Hæsti hljóðtoppur 98 dB(A)
MaxL 74.5 dB
MinL 38.1 dB
Leq 50.0 dB => Jafngildishljóðstig 50 dB(A)
SEL 73.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 48.9 dB
L5 47.0 dB
L95 36.5 dB

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Umbeðið

Málsnúmer: 03060014

Búið til: 02.06.2003 14:15:04

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	28.05.2003	Tími ferðar:	12:00 - 15:00
Fulltrúi HER:	Svava S. Steinarsdóttir/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Tómas G. Gíslason/BV/RVK
Tílefni skýrslu:	Umbeðið		
Fyrirtækjaflokkur:	92.72.01 Skotvellir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	
Heiti leyfishafa:	Álfsnes - skotæfingasvæði	Staður leyfishafa:	
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	

Athugasemdir

Athugasemdir:

Komið til að mæla hávaða frá skotæfingasvæði og vélhjólaklúbbsæfingasvæði.

- Veðuraðstæður voru ekki eins og best væri á kosið. Vindur var 5 m/s en fór yfir það í hviðum.
- Mælt var á 3 stöðum: við bílavogina við innkeyrsluna að urðunarstaðnum, við Álfsnesbæinn gamla og við sumarbústað hinu megin við Kollafjörðinn
- Við mælingu nr. 4, við Álfsnessbæinn kláruðu skotæfingamennirnir skotin í miðri mælingu og fóru síðan heim.
- Í sömu mælingu var eitt vélhjól kyrrstætt í 3 mínútur af 5 mínútna mælingu.



- Sjá mæliskýrslu: [Alfsnes_2_02_06_03.do](#)

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

Efni: Hljóðmælingar vegna fyrirhugaðra æfingasvæða fyrir vélhjól og skotæfingar í Álfsnesi.

Þann 28. maí sl. framkvæmdi Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur hljóðmælingar til að meta mögulega hávaðamengun frá vélhjólæfingasvæði og skotæfingasvæði í Álfsnesi. Áður höfðu verið framkvæmdar mælingar vegna skotæfingasvæðis 11. september 2002. Mælt var á þremur stöðum þá og var mælingin endurtekin á sömu stöðum núna. Ekki voru kjöraðstæður til mælinga þar sem að vindur var á þeim mörkum sem mælt er með í staðli og í vindhviðum varð vindhraði meiri. Á vélhjólæfingasvæði voru menn á þremur hjólum og á skotæfingasvæði voru menn með 3 haglabyssur.

Fyrsti mælistaðurinn var við bílavog sem stendur rétt fyrir innan hliðið að urðunarstaðnum Álfsnesi. Við vogina er skúr sem starfsmaður situr í á daginn. Ríkjandi umhverfishávaði á þeim stað kemur venjulega frá urðunarstaðnum sjálfum. Lítil hávaði barst hinsvegar frá svæðinu meðan mælingar fóru fram. Niðurstöður mælinga (sjá meðfylgjandi skýrslu) sýndu að hávaði frá æfingasvæðum fer upp í 57 dB(A) en þar sem að bílavogin stendur ekki á svæði með íbúðarbyggð verður miðað við mörkin fyrir hávaða á iðnaðarsvæðum, sem er 70 dB(A). Hávaðinn er vel innan þeirra marka. Mikill hávaði er oftast frá urðunarstaðnum þannig að hljóðálag á svæðinu er mikið fyrir.

Annar mælistaðurinn var við starfsmannabústað sem er í gamla bænum að Álfsnesi. Hávaði frá urðunarstaðnum er venjulega áberandi á þessum stað en við mælingu barst lítil hávaði þaðan. Jafngildishljóðstig viðmiðunarmælingar var 44 dB(A) við starfsmannabústað en hækkaði upp í 51 dB(A) við hávaða frá æfingasvæðunum. Menn á skotæfingasvæðinu urðu skotfæralausir er 2 mínútur voru liðnar af mælingu og eitt vélhjólið varð stopp á sama tíma. Þar af leiðandi var hávaði á mælitíma minni en við mælinguna við bílavogina. Gera má þá ráð fyrir því að hljóðstig hefði verið hærra ef öll þrjú hjól og skotæfingar hefðu verið í gangi allan tímann. Mörk fyrir hávaða frá atvinnurekstri í blandaðri byggð er 55 dB(A) yfir daginn (7-18), þannig að líklegt er að hávaði frá svæðunum geti við sumar aðstæður náð þeim mörkum. Leyfilegt jafngildishljóðsstig á kvöldin er 50 dB(A) (18-23) og eru meiri líkur á að hávaði fari yfir mörk á þeim tíma.

Þriðji mælistaðurinn var við sumarabústað sem stendur við Kollafjörð andspænis fyrirhuguðum æfingasvæðum. Bústaðurinn er ekki merktur með nafni en er í nágrenni Móabergs. Ríkjandi hávaði við bústaðinn var umferðahávaði frá Vesturlandsvegi sem liggur fyrir ofan hann, en stundum má greina hávaða frá urðunarstaðnum Álfsnesi þar. Jafngildishljóðsstig viðmiðunarmælingar var 49 dB(A) en 53 dB(A) er vélhjólæfingar voru í gangi. Engar skotæfingar voru í gangi við þessa mælingu, en til eru mælingar frá 11. september 2002.

Ef bornar eru saman mælingar nú og frá því í fyrra er ljóst að hávaði berst bæði frá vélhjólsvæði og skotæfingasvæði yfir á alla þrjá mælistaði. Hávaði hjá bílavog er umtalsverður fyrir út af urðunarstaðnum og meginstarfsemi á æfingasvæðunum kemur til með að fara fram utan þess tíma sem opið er. Það má því ætla að æfingasvæðin valdi ekki auknum óþægindum fyrir starfsmann við vogina. Meiri hætta á óþægindum er við starfsmannabústað og við sumarbústað. Sérstaklega er hætta á því að hávaði berist yfir fjörðinn að bústaðinum þegar veður er stillt og kyrrt. Hvað varðar starfsmannabústaðinn er einnig hætta á að íbúar þar verði fyrir óþægindum. Óþægindi á svæðinu eru einhver nú þegar vegna urðunarstaðarins og umferðar stórra bifreiða um svæðið. Æfingasvæðin auka hljóðálagið við húsin umtalsvert. Einnig má benda á þó að hávaði liggja undir mörkum í reglugerð getur hávaðinn valdið óþægindum ef hann er endurtekinn yfir lengri tíma. Byssuskotin valda háum hljóðtoppum sem geta verið óþægilegir, en erfitt getur verið að draga úr þeim hávaða.

Þegar á heildina er litið er það afar afmarkað svæði þar sem hætta er á óþægindum frá þessum svæðum. Því ætti að vera auðveldara að grípa til aðgerða til að minnka hávaðamengun á þessum stöðum. Nauðsynlegt er að kynna fyrirhuguð æfingasvæði fyrir eigendum sumarbústaðarins og íbúum starfsmannabústaðar. Þegar reynsla er komin á notkun svæðana er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr óþægindum. Meðal þess sem hægt væri að gera er að reisa skjólveggi og setja þrefalt gler í hús. Einnig er hægt að takmarka opnunartíma svæðanna.

Virðingarfyllt
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Mæliskýrsla:

Hljóðmælingar vegna fyrirhugaðs skotæfingasvæðis og vélhjólæfingasvæðis í Álfsnesi 28. maí 2003

Aðstæður og veður: Fyrirhugað skotæfingasvæði í Álfsnesi liggur hægra megin við urðunarstaðinn, niður að strönd Kollafjarðar. Fyrirhugað vélhjólæfingasvæði liggur við hliðina á skotæfingasvæðinu, samsíða vegi niður að gamla Álfsnessbænum. Mælt var á þremur stöðum, við bílavigt við innkeyrslu að urðunarstaðnum, við starfsmannabústað (Álfsnes) og við sumarbústað sem stendur hinumegin við Kollafjörðinn, nálægt Móabergi.

Veður: Skýjahula 40-50 %, hiti 8 stig, vinhraði 5 m/s, hærri í hviðum. Veður á mörkum þess að vera hæft til mælinga.

Mæliaðferð: Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Við mælingarnar var notaður hljóðmælir af gerðinni Bruel & Kjaer 2236. Um mælingar sá Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, viðstaddur var Tómas G. Gíslason heilbrigðisfulltrúi hjá sömu stofnun.

Mæling nr. 1. Viðmiðunarmæling. Mælt var við bílavog fyrir innan hlið urðunarstaðarins Álfsnesi. Mælir stóð á mól við eftirlitsskúr. Mæling hófst kl. 12:58 og stóð í 5 mínútur. Ekkert hlé var gert á mælingu. Ríkjandi hávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum og vindhviðum.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 1

28 May 2003 12:58:49
Elapsed Time 0000:05:01
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 108.0 dB => Hæsti hljóðtoppur 108 dB(A)
MaxL 72.2 dB
MinL ---.- dB
Leq 52.9 dB => Jafngildishljóðsstig 53 dB(A)
SEL 77.7 dB
LEPd (Te= 7h30) 52.6 dB
L5 58.0 dB
L95 ---.- dB

Mæling nr. 2. Skotið úr haglabyssu á skoæfingasvæði, 3 mótörhjól í gangi á vélhjólæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 13:06 og stóð í 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá æfingasvæðunum.

Útskrift hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 2

28 May 2003 13:06:08
Elapsed Time 0000:05:01
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 109.8 dB => Hæsti hljóðtoppur 110 dB(A)
MaxL 70.5 dB
MinL ---.- dB
Leq 56.5 dB => Jafngildishljóðsstig 57 dB(A)
SEL 81.3 dB
LEPd (Te= 7h30) 56.1 dB
L5 61.5 dB
L95 43.0 dB

Mæling nr. 3. Viðmiðunarmæling. Mælt var við starfsmannabústaðinn Álfsnesi. Mælir var staðsettur á mól á heimkeyrslu fyrir framan húsið. Mæling hófst kl. 13:16 og stóð í tæpar 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vindi og almennum umhverfishljóðum (fluglar ofl.). 4 hlé voru gerð á mælingu vegna umferðar bifreiða og flugvéla.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 3

28 May 2003 13:16:37
Elapsed Time 0000:04:43
Pauses 4
Overload 0.0 %
MaxP 102.6 dB => Hæsti hljóðtoppur 103 dB(A)
MaxL 62.0 dB
MinL ---.- dB
Leq 44.2 dB => Jafngildishljóðsstig 44 dB(A)
SEL 68.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 43.9 dB
L5 50.0 dB
L95 ---.- dB

Mæling nr. 4. Skotið úr haglabyssu á skotæfingasvæði, 3 vélhjól í gangi á vélhjólæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 13:28 og stóð í 5 mínútur. Þrjú hlé gerð á mælingu vegna umferðar. Eftir tveggja mínútna mælingu

kláruðu skotæfingamenn skotin og hætti því allur hávaði frá því svæði. Um svipað leiti hætti eitt vélhjólið að keyra um til loka mælitímans. Ríkjandi umhverfishávaði var frá mótörhjólum og vindi.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 4

28 May 2003 13:28:21
Elapsed Time 0000:05:01
Pauses 3
Overload 0.0 %
MaxP 106.6 dB => Hæsti hljóðtoppur 107 dB(A)
MaxL 73.1 dB
MinL ---.- dB
Leq 50.7 dB => Jafngildishljóðstig 51 dB(A)
SEL 75.5 dB
LEPd (Te= 7h30) 50.4 dB
L5 55.5 dB
L95 ---.- dB

Mæling nr. 5. Viðmiðunarmæling. Mælt var við sumarbústað sem stendur nálægt Móabergi. Sumarbústaðurinn er hinu megin við Kollafjörðinn, fyrir neðan Vesturlandsveg. Mælir stóð á grasi í garði við bústaðinn. Mæling hófst kl. 13:59 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá litlum gosbrunn á lóð, vindi og umferð á Vesturlandsvegi.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 5

28 May 2003 13:59:25
Elapsed Time 0000:05:01
Pauses 0
Overload 0.0 %
MaxP 102.1 dB => Hæsti hljóðtoppur 102 dB(A)
MaxL 66.5 dB
MinL ---.- dB
Leq 48.9 dB => Jafngildishljóðstig 49 dB(A)
SEL 73.7 dB
LEPd (Te= 7h30) 48.6 dB
L5 54.5 dB
L95 ---.- dB
L95 30.5 dB

Mæling nr. 6. 3 vélhjól í gangi á vélhjólæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:06 og stóð í 5 mínútur. Eitt hlé var gert á mælingu vegna flugumferðar. Ríkjandi umhverfishávaði var frá gosbrunni, vindi og umferð á Vesturlandsvegi.

Útprint hljóðmælis:

Bruel & Kjaer
SLM Type 2236

SETTINGS:

F 40-120 dB
RMS: A Peak: C

RECORD NO.: 6

28 May 2003 14:06:21
Elapsed Time 0000:05:03
Pauses 1
Overload 0.0 %
MaxP 103.3 dB => Hæsti hljóðtoppur 103 dB(A)
MaxL 67.0 dB
MinL ---.- dB
Leq 52.5 dB => Jafngildishljóðstig 53 dB(A)
SEL 77.3 dB
LEP
L5 ---.- dB
L95 ---.- dB

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2007050381

Búið til: 12.06.2007

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

12.06.2007

Tími ferðar:

10:00 - 13:15

Fulltrúi HER:

Svava S.
Steinarsdóttir/BV/RVK/IS

Fulltrúi HER sem fór með:

Anna R. Böðvarsdóttir/BV/RV

Tílefni skýrslu:

Sérstakt eftirlit

Fyrirtækjaflokkur:

92.72.01 Skotvellir

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Kennitala leyfishafa:

600269-2919

Heiti leyfishafa:

Skotfélag Reykjavíkur

Staður leyfishafa:

Engjavegi 6

Hvert eftirlitsferð var farin:

Staða reiknings:

Reikningsfært

Númer reiknings:

Athugasemdir

Athugasemdir:

Komið í eftirlit til að mæla hávaða frá skotæfingarsvæði Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi. Með í för var Hilmar formaður Skotfélagsins.

1. Mælt var við sumarbústað sem er andspænis skotæfingarsvæðinu við Kollafjörð. Gerð var viðmiðunarmæling og síðan mæling meðan skotið var af 2 haglabyssum.
2. Mælt var við íbúðarhúsið Skriðu undir Esjuhlíðum. Gerð var viðmiðunarmæling og síðan mæling meðan skotið var af 2 haglabyssum. Mikið bergmál heyrðist í klettunum fyrir ofan bæinn við hvert skot.
3. Mælt var við íbúðarhúsið Hvamm sem er neðan við Vesturlandsveg, við hliðina á Sætúni. Gerð var viðmiðunarmæling og síðan mæling meðan skotið var af 2 haglabyssum. Bergmálið frá klettunum barst að húsinu, en var mun lægra en uppi í hlíðinni.

Sjá nánar í mæliskýrslu



IMG_3817.JPG



IMG_3816.JPG

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Mæliskýrsla:

Hljóðmælingar vegna skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi 12. júní 2007

Aðstæður og veður: Fyrirhugað skotæfingasvæði í Álfsnesi liggur hægra megin við urðunarstaðinn, niður að strönd Kollafjarðar. Mælt var á þremur stöðum; við sumarbústað sem stendur hinumegin við Kollafjörðinn, nálægt Móabergi; við smábýlið Skriðu undir Esjuhlíðum og við íbúðarhúsið Hvamm sem liggur neðan Vesturlandsvegur við hliðina á Sætúni.

Veður: Léttskýjað, hiti 11 stig, vindhraði 3 m/s, upp að 5 m/s í hviðum.

Mæliaðferð: Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Við mælingarnar var notaður hljóðmælir af gerðinni Bruel & Kjaer 2250. Um mælingar sá Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, viðstödd mælingu voru Anna Rósa Böðvarsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Hilmar formaður Skotfélags Reykjavíkur.

Mæling nr. 1. Viðmiðunarmæling. Mælt var við sumarbústað sem stendur nálægt Móabergi. Sumarbústaðurinn er hinu megin við Kollafjörðinn, fyrir neðan Vesturlandsveg. Mælir stóð á grasi í garði við bústaðinn í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 11:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	89,8 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,2 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	38,7 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 2. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 11:38 og stóð í 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá æfingasvæðinu og Vesturlandsvegi.

LCpeak	102,4 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	76,3 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	47,7 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

(5 db sekt vegna högghljóðs hækka jafngildishljóðsstig í 52 dB(A))

Mæling nr. 3. Viðmiðunarmæling. Mælt var við íbúðarhúsið Skriðu undir Esjuhlíðum. Mælir stóð á grasi við hús í ca. 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:03 og stóð í tæpar 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	93,1 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,5 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	41,5 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 4. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12.10 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var umferð á Vesturlandsvegi og frá skotæfingasvæði.

LCpeak 95,1 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 55,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 42,4 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðstig í 47 dB(A))

Mæling nr. 5. Viðmiðunarmæling. Mælt var íbúðarhúsið Hvamm sem er neðan við Vesturlandsveg, við hliðina á Sætúni. Mælir stóð á grasi við heimreið hússins, í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 88,0 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 63,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,8 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 6. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði: Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12:37 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 103,9 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 74,4 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,0 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðstig í 54 dB(A))

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2007050381

Búið til: 27.08.2007

Eigandi skjals: Tómas G. Gíslason

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

27.08.2007

Tími ferðar:

Fulltrúi HER:

Tómas G. Gíslason/BV/RVK/IS

Fulltrúi HER sem fór með:

Svava S. Steinarsdóttir/BV/F

Tílefni skýrslu:

Sérstakt eftirlit

Fyrirtækjaflokkur:

92.72.01 Skotvellir

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Heiti leyfishafa:

Hvert eftirlitsferð var farin:

Skotfélag Reykjavíkur

Kennitala leyfishafa:

Staður leyfishafa:

Staða reiknings:

Númer reiknings:

600269-2919

Engjavegi 6

Reikningsfært

Athugasemdir

Athugasemdir:

Eftirlit til að meta hávaða frá skotæfingarsvæði í Álfsnesi, þar sem veitt var sérstakt leyfi til að hafa Íslandsmót í Skeet um helgina. Heilbrigðisfulltrúar Tómas G. Gíslason, Svava S. Steinarsdóttir og Anna Rósa Böðvarsdóttir sáu um eftirlitið. Farið var á þá staði sem kvartað hafði verið um hávaða frá skotæfingarsvæðinu. Veður var óhentugt til hávaðamælinga, vindur of mikill og norðanstaður, þannig að hann stóð frá þeim svæðum sem kvartað hafði verið frá. Reynt var að meta hávaða og ónæði frá skothvllum á skotæfingarsvæðinu. Byrjað var að meta hávaða á bílastæði við rætur Esjunnar við gönguleiðir innst í Kollafirði. Skothvellir heyrðust greinilega. Því næst var hávaði metinn við sumarþústað handan Kollafjarðar. Skothvellir heyrðust greinilega þrátt fyrir óhagstæða vindátt. Næst var hávaði metinn við bæina Skriðu og Stekk og þar var mestu hávaði og ónæði. Skothvellir heyrðust þar greinilega og bergmálaði í klettunum ofan við bæina þannig að hávaði margfaldaðist í bergmáli, mjög mikið ónæði. Að lokum var farið að fiskeldisstöð Stofnfisks inni í botni fjarðarins og þar heyrðust skothvellirnir greinilega líka, enda stóð vindurinn inn fjörðinn.



Kröfur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Mengunarvarnir:

Heildareinkunn:



Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2009080258
Búið til: 20.08.2009
Eigandi skjals: Gísli Gíslason

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	20.08.2009	Tími ferðar:	13:00 - 14:00
Fulltrúi HER:	Gísli Gíslason/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Einar Oddsson/BV/RVK/IS
Tílefni skýrslu:	Sérstakt eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur:	92.72.01 Skotvellir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	440687-1809
Heiti leyfishafa:	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis	Staður leyfishafa:	Álfnesi
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	

Athugasemdir

Athugasemdir:

Farið var í sérstakt eftirlit og átlað að mæla hávaða.

Auglýst er að S.R. hafi opið frá 12.00 og Skotreynd frá 17.00. Þegar við fórum uppeftir, þá var ljóst að starfsemi var á báðum völlum. Við fórum að því loknu uppá Kjalarnes en það hafði bætt svo í vindinn að hann var um 10 m/s. Við áætluðum að mæla á 3 stöðum en hlustuðum. Við heyrðum eitt skot, en bæði vindniður og umferðahávaði var nokkur. Ákveðið að fara aftur þegar vinur væri < 10 m/s.



skotsvæði skotreynd hljóðmælilingarstaðir.JPG


Kröfur

Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn:





Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2009080258

Búið til: 27.08.2009

Eigandi skjals: Gísli Gíslason

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	26.08.2009	Tími ferðar:	17:00 - 19:00
Fulltrúi HER:	Gísli Gíslason/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Einar Oddsson/BV/RVK/IS
Tílefni skýrslu:	Sérstakt eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur:	92.72.01 Skotvelli		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	440687-1809
Heiti leyfishafa:	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis	Staður leyfishafa:	Álfsnesi
		Staða reiknings:	Reikningsfært
Hvert eftirlitsferð var farin:		Númer reiknings:	

Athugasemdir

Athugasemdir:

Gerðar voru hljóðmælingar við bæinn Skriðu. Viðstaddir mælingu voru Gísli Gíslason og Einar Oddsson heilbrigðisfulltrúar frá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkur.

Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Notaður var hljóðmælir af gerðinni Brüel & Kjær Hand-held Analyzer Type 2250. Mælirinn með vindvörn var staðsettur ca. 2 m frá húsvegg Skriðu, á sólpalli sem snýr í suður átt, í 1,5 metra hæð. Veður var stillt, um 4 m/s en alskýjað og létt rigning (1 mm) og um 10 °C.



Uppsetning á hljóðmælitæki við Skriðu 26.08.09.jpg

Fyrsta mæling hófst kl. 17.19:

	Fyrsta mæling		
	10 mín	25 mín	30 mín
LA eq	47,8	48,7	48,7
LC peak	82,1	83,7	83,7
LAF max	57,8	61,6	61,6

Ath Við sátum inni bíl, með gluggan opinn farþegamegin. Heyrðum enga hvelli

Leiðrétting á LAeq vegna endurvarps: 45,7 dB(A)

Þegar við fórum úr bílnum eftir þessa mælingu þá heyrðum við skothvelli, og bergmál í fjallinu. Við gerðum því aðra mælingu. Það mátti heyra hvellina þegar skotið var og sekúndu seinna endurómaði í fjallinu og var ekki ólíkt hljóð eins og þegar þota flýgur yfir. Fannst einnig eins og sumir hvelli gáfu ekki frá sér endurkast/enduróm úr hliðinni. Upplifun er að hljóðið er ekki mjög hátt, en truflandi ef setið er útivið. Inni í bílnum með opinn gluggan heyrðum við vart hvellina en

heyrðum enduróminn úr fjallinu.

Seinni mæling, töldum hvellina.

	Önnur mæling	
	15 mín	30,3 mín
LA eq	44,6	43,5
LC peak	83,1	97,1
LAF max	62,9	70,4
Hvellir	45	104

Leiðrétting á LAeq vegna endurvarps: 40,5 dB(A)

Þegar 5,44, 14,50 og 19 mínútur voru liðnar af mælingunni, þá flugu yfir flugvélar. Við það hækkað LAeq. Hins vegar var ekki hægt að sjá hækkun á mæligildi LAeq við einstaka skothvelli!

Á heimleiðinni var einnig hlustað við afleggjarann að Mógilsá. Þar heyrðust hvellirnir lágt en ekki enduróm úr fjallinu.

Á heimleiðinni keyrðum við að Skotvöllunum á Álfsnesi og það var greinilega verið að skjóta á leirdúfuvöllum beggja félaga, sem og á riffilvelli.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn:





Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2009090057
Búið til: 04.09.2009
Eigandi skjals: Gísli Gíslason

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	03.09.2009	Tími ferðar:	15:30 - 18:30
Fulltrúi HER:	Gísli Gíslason/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tílefni skýrslu:	Sérstakt eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur:	92.72.01 Skotvellir		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	600269-2919
Heiti leyfishafa:	Skotfélag Reykjavíkur	Staður leyfishafa:	Engjavegi 6
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	

Athugasemdir

Athugasemdir:



álfnes.pdf

Farið var í mælingu og eftirlit vegna hávaða á frá Skotvöllunum á Álfsnesi. Það var mætt á svæðið við Skriðu rétt fyrir kl. 16.00 og tekin bakgrunns-mæling. Áður var keyrt að Álfsnesi til að ganga úr skugga um að enginn væri mættur.

Eftirfarandi starfsemi var í gangi við mælingarnar:

- Kl. 16.30 var byrjað að skjóta á riffilbananum og voru allt að 6 menn að skjóta
- Kl. 17.00 var byrjað að skjóta á leirdúfuvelli S.R. og var þá bæði verið á riffilvelli og leirdúfuvelli.
- Kl. 18.00 var byrjað að skjóta á leirdúfuvelli Skotreynar og þá var verið að skjóta á báðum leirdúfuvöllum

Niðurstöður mælinga:

Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Notaður var hljóðmælir af gerðinni Brüel & Kjær Hand-held Analyzer Type 2250. Veður var stillt, um 5 m/s, skýjað nokkrir dropar komu úr lofti um kl 15,56. Lítil umferð var og götur þurrar. Mælirinn með vindvörn var staðsettur ca. 2 m frá húsvegg Skriðu á sólpalli sem snýr í suður átt, á sambærilegum stað og við mælingar 26.08.2009, í 1,5 metra hæð.

Bakgrunnur.

kl. 15.56 start

Fyrsta mæling, bakgrunnur

	<u>6,09 mín</u>	
L _{Aeq}	37,6	dB(A)
L _{Cpeak}	71,8	dB(C)
L _{AFmax}	<u>41,9</u>	dB(A)

L_{Aeq} er því 34,6 dB(A) eftir leiðréttingu vegna endurvarps.

Riffilbaninn.

Byrjað var að skjóta á riffilvellingum, kl. 16.30. GG var í sambandi við Kristján hjá S.R. og heyrði skothvelli í gegnum símann sem heyrðust ekki að Skriðu. Það var því aftur mælt í 6 mínúttur. Á þeim tíma heyrðist krummi krúnka og og það var aukinn umferðarþungi. Samkvæmt upplýsingum frá S.R. voru 6 manns að skjóta í riffilhúsinu.

	16:30 Meiri umferðarniður.	
	<u>6,0mín</u>	
L _{Aeq}	46	dB(A)
L _{Cpeak}	80,2	dB(C)
L _{AFmax}	<u>55,1</u>	dB(A)

L_{Aeq} er því 43 dB(A) eftir leiðréttingu vegna endurvarps.

Ofangreind niðurstaða er því sambærileg og sá bakgrunnur sem var mældur í upphafi mælingar 26.08.2009.

Hvammur.

kl. 16.45. Þar sem að við heyrðum enga hvelli við Skriðu þá var keyrt að Hvammi og bíllinn stoppaður fyrir ofan Hvamm á milli þjóðveggarins, þar sem vegurinn er lokaður með taug þvert yfir veginn, á milli girðinganna. Við Hvamm eru manir við húsið. Við heyrðum ekki hvelli frá Skotvellingum, en þegar síðast var opið hjá SR á sunnudegi, þá hringdi húsráðandi í SR og kvartaði.

Leirdúfuvöllur S.R.

Þegar þessu var lokið var farið aftur að Skriðu og uppúr kl. 17.00 var farið að skjóta einnig á leirdúfuvellingum. S.R. lét menn stoppa skot í riffilvellingum í 15 mínúttur á meðan fyrstu skotunum var hleypt af á leirdúfuvelli S.R. Við gátum ekki heyrt skotin upp við Skriðu. GG keyrði því niður að skotæfingasvæðunum á Álfsnesi. Þegar komið var á svæðið þá var ljóst að enginn var að skjóta á svæði Skotreyrnar en hjá S.R var verið að skjóta á bæði riffilvelli og á leirdúfuvellingum. Einar var ennþá við Skriðu og á þeim tíma fór hann að heyra nokkra hvelli, sum háskot bergmáluðu en önnur ekki. Hann tók því mælingu með eftirfarandi niðurstöðum:

	17:10	
	<u>23,56 mín</u>	
L _{Aeq}	41,7	dB(A)
L _{Cpeak}	76,7	dB(C)
L _{AFmax}	<u>51,6</u>	dB(A)
Skot	<u>82</u>	

Þar af 58 fyrstu 15 mín og 25 síðustu 8 mín

L_{Aeq} er því 38,7 dB(A) eftir leiðréttingu vegna endurvarps.

Leirdúfuvöllur Skotreyrnar, SR og riffilvöllur SR.

Uppúr kl. 18.00 fóru að heyrast mun meiri, fleiri og hærri hvelli sem endurómuðu í berginu fyrir ofan Skriðu. Þessir hvellir endurómuðu úr berginu fyrir ofan.

18:15		15 mín	28,14 mín	
L_{Aeq}		47,8	48,5	dB(A)
L_{Cpeak}		97,9	97,9	dB(C)
L_{AFmax}		70,5	70,5	dB(A)
Skot		169	175	
Skot alls		344		

Á meðan mælingu stóð flaug ein flugvél yfir og einn krummi krúnkaði
Sum skot virtust ekki gefa endurkast en flest.

L_{Aeq} er því 45,5 dB(A) eftir leiðréttingu vegna endurvarps.

Við lok mælinga þá komu húsráðendur að Skriðu þau Eiríkur og Sigrún og ræddu málin. Þau vildu meina að nýji skotvöllurinn væri ekki að valda ónæði en það væri fyrst og fremst Skotreyn sem þau heyrðu í. Þau vildu meina að mesta hljóðmengum kæmi frá Skotreyn og þá væru vestustu tveir skotvellirnir sem gæfu mesta ónæðið.

Samatekt.

Í töflu III í Viðauka reglugerðar 724/2005, en þar er L_{Aeq} að hámarki 50 við húsvegg á tímanum 7-19., en 45 á tímanum 19-23 og 40 eftir kl. 23.00. Þetta er því innan marka til kl. 19.00 en aðeins yfir mörk mv.v. tímann kl. 19.00-23.00.

Við Skriðu heyrðist lítið sem ekkert frá ríffilvellinum. Það sama var uppá teningnum með leirdúfuvöllum SR en sum skot gáfu þó frá sér enduróm. Það virðist vera að mesta ónæðið vegna hvellana komi frá velli Skotreynar, þar sem lítið heyrðist þann tíma sem S.R. var einungis að skjóta.

Kröfur


Niðurstaða eftirlits

A einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn:

Prenta



GPS hnit á korti

64°11,634'N, 21°44,350'W

Leitarniðurstöður á korti

A. Stjórnugrís hf svínabú Vallá - 116 Reykjavík



Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2011050227

Búið til: 16.05.2011

Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

15.05.2011

Tími ferðar:

12:30 - 15:15

Fulltrúi HER:

Guðjón Ingi
Eggertsson/BV/RVK/IS

Fulltrúi HER sem fór með:

Tílefni skýrslu:

Sérstakt eftirlit

Fyrirtækjaflokkur:

92.72.01 Skotvellir

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Heiti leyfishafa:

Hvert eftirlitsferð var farin:

Skotfélag Reykjavíkur

Kennitala leyfishafa:

Staður leyfishafa:

Staða reiknings:

Númer reiknings:

600269-2919

Engjavegi 6

Reikningsfært

11050217

Athugasemdir

Athugasemdir:

Sunnudaginn 15. maí 2011 fór fram stórríflamót Skotfélags Reykjavíkur á skotæfingasvæði félagsins í Álfsnesi. Mótið fór fram á sunnudegi í samræmi við samþykkt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á umsókn SR um undanþágu frá skilyrðum starfsleyfis, sbr. fundargerð 793. afgreiðslufundar Heilbrigðiseftirlitsins. Undanþágan kvað á um leyfi fyrir ríflmóti 15. maí 2011 frá kl. 11-16 með skilyrði um að haglabyssuvellir væru lokaðir. Á heimasíðu SR var auglýst að mótið hæfist kl. 12.

Af þessu tilefni fór starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins í eftirlit þar sem reynt var að leggja mat á hvort og þá hversu mikið ónæði væri af völdum skothvella á meðan á mótinu stæði.

Veður var skýjað og vindur stóð af SV og V, 3-5 metrar á sekúndu.

Komið var á Kjalarnes rétt fyrir kl. 13. Stoppað var á fjórum stöðum, þ.e. nærri Saltvík, milli Esjuberg og Skriðu, nærri Skriðu og nærri Móabergi. Á öllum stöðum var gengið um og svo stoppað á nokkrum stöðum og hlustað í nokkrar mínútur. Ekki heyrðist einn einasti skothvelli á meðan á athugun stóð. Að þessu loknu var ekið að skotsvæði SR og komið þangað um kl. 14:15. Mótinu var þá nýlukið eða fyrir c.a. 15 mínútum. Þátttakendur munu hafa verið 23 talsins. Þarna var rætt við stjórnarmann í SR (Kjartan) sem gekk svo um svæðið með starfsmanni heilbrigðiseftirlits og sýndi honum það.

Á meðan á þessari athugun stóð varð ekki vart við að skotmótið hefði ónæði eða truflun í för með sér.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar



Sérstakt eftirlit

Málsnúmer: 2011050227

Búið til: 06.06.2011

Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

05.06.2011

Tími ferðar:

11:00 - 13:30

Fulltrúi HER:

Guðjón Ingi
Eggertsson/BV/RVK/IS

Fulltrúi HER sem fór með:

Tílefni skýrslu:

Sérstakt eftirlit

Fyrirtækjaflokkur:

92.72.01 Skotvellir

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Kennitala leyfishafa:

600269-2919

Heiti leyfishafa:

Skotfélag Reykjavíkur

Staður leyfishafa:

Engjavegi 6

Hvert eftirlitsferð var farin:

Staða reiknings:

Reikningsfært

Númer reiknings:

Athugasemdir

Athugasemdir:

Sunnudaginn 5. júní 2011 fór fram landsmóti STÍ (haglabyssumót) á skotæfingasvæði Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi. Mótið fór fram á sunnudegi í samræmi við samþykkt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á umsókn SR um undanþágu frá skilyrðum starfsleyfis, sbr. fundargerð 793. afgreiðslufundar Heilbrigðiseftirlitsins. Undanþágan kvað á um leyfi fyrir landsmóti STÍ 5. júní 2011 frá kl. 10-16 með skilyrði um að ekki væri skotið af byssum fyrir kl 11.

Af þessu tílefni fór starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins í eftirlit þar sem reynt var að leggja mat á hvort og þá hversu mikið ónæði væri af völdum skothvella á meðan á mótinu stæði. Þátttakendur á mótinu voru 17 talsins. Veður var skýjað og gekk á með súld og smá rigningu. Vindur stóð af V og var hægur í byrjun en svo vaxandi og að byrja að snúast til N áttar.

Komið var á Kjalarnes rétt upp úr kl. 11. Fyrsta var stöðvar við Móaberg og gengið í átt til sjávar. Skothvellir heyrðust greinilega. Þá var snúið við og gengið í átt að Skriðu. Skothvellir heyrðust en fóru lækkandi þar til komið var nær Skriðu að hvellirnir hækkuðu lítilllega á ný auk þess sem bergmál þeirra tók að heyrast frá klettum. Aftur var hlustað í næstu keppnislotu um 30 mínútum síðar og voru niðurstöður mjög svipaðar. Þá var einni lotu sleppt en hlustað á ný upp úr klukkan 12:30. Þá hafði vindur vaxið nokkuð. Nú var fyrst hlustað við Hvamm/Sætún en ekkert heyrðist þar. Þá var stoppað við Móaberg og gengið í átt að sjó og heyrðust skothvellir en mun lægra en áður. Loks var ekið langleiðina að heimreiðinni við Skriðu og hlustað þar á sama stað og áður. Þar mátti heyra skothvelli en lága og bergmál úr klettum heyrðist varla.

Á meðan á þessari athugun stóð varð vart við skothvelli og má segja að eitthvert ónæði hafi verið af þeim í byrjun, sérstaklega nærri Móabergi. Með vaxandi vindi dró mjög úr hljóðmengun frá skotunum og undir kl. 13 er vart hægt að segja að ónæði hafi verið við Skriðu en eitthvert ónæði gæti hafa verið útivið nærri Móabergi en óvíst er hvort að skothvellir hafi getað heyrst innvið.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda